

# Fundargerð Öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 16. september 2021 kl. 19.30 á Zoom.

Mætt; Aðalsteinn Símonarson, Ari Halldór Hjaltason, Erla Sigurðardóttir og Elsa Kristín Sigurðardóttir.

Fjarverandi; Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir og Jón Bjarni Jónsson.

## 1. Keppnishaldið í sumar

Almennt gengið vel fyrir sig það sem heyrst hefu og engin erindi borist til nefndarinnar.

Samkvæmt svari frá skrifstofu AKÍS við fyrirspurn ráðsins þá hafa borist þangað inn kvartanir vegna öryggismála ásamt því að vitað er að einhverjir aðilar hafa leitað til lækna eftir óhöpp en engar frekari skýringar fengust á þessum atvikum.

Ráðið harmar að ekki skuli vera virkara upplýsingaflæði frá öryggisfulltrúum og skrifstofu sambandsins til ráðsins. Ákveðið að óska eftir upplýsingum um þær ábendingar eða kvartanir vegna öryggismála sem borist hafa og það verði ávalt gert strax þegar viðlíka gerist í framtíðinni. Jafnframt að umræða fari fram um hvort ekki þurfi að setja í reglur að öryggisfulltrúi skili skýrslu eftir hverja keppni.

## 2. Persónulegur öryggisbúnaður

Ekki hafa borist nein viðbrögð við erindi um fatnað sem sent var á öll keppnisráð í júlí. AHH tekur að sér að skoða hvað til er af viðurkenndum hlífðarfatnaði hjá framleiðendum.

## 3. Áhættumat og öryggisáætlun

Ákveðið að vinna meira af efni fyrir öryggisfulltrúa til að nota við sín störf og nýtist þeim við gerð áhættumats og öryggisáætlana, en gera ekki endilega kröfur um að því verði skilað á næsta keppnistímabili.

## 4. Önnur mál

Ákveðið að halda fundi annan miðvikudag í október, nóvember, febrúar, mars og apríl.

Fundi slitið kl. 20.40

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson